

Fundur með formönnum deilda Vestra 2025

Fundur með formönnum deilda Vestra haldinn á veitingastaðnum Logni mánudaginn 9. desember 2024, kl. 18:00.

Mætt frá aðalstjórn: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Gísli Jón Hjaltason, Hlynur Reynisson, Heiðrún Tryggvadóttir, Sigurður A. Jónsson og Þóra Marý Arnórsdóttir.

Mætt frá deildum: Sólveig Pálsdóttir, Sigríður Ó. Kristjánsdóttir og Þórir Guðmundsson.

Fyrir tekið:

1 Ágreiningsmál innan íþróttahreyfingar

Formaður greindi í stórum dráttum frá málum sem til umræðu hafa verið innan íþróttahreyfingarinnar á svæðinu, aðallega varðandi úthlutun tíma í íþróttahúsinu á Torfnesi og skráning á yngri iðkendum. Guðni Guðnason sagði frá formannafund HSV sem hann mætti á í nóvember. Nokkrar umræður urðu um þessi mál og voru fundarmenn sammála um að ástandið væri íþróttastarfi á svæðinu ekki til framdráttar.

2 Önnur mál

- Special Olympics.** Þórir Guðmundsson sagði frá Special Olympics-verkefni körfuknattleiksdeildarinnar. Frá síðasta hausti hefur deildin, í samstarfi við íþróttafélagið Ívar, boðið upp á körfuboltaæfingar fyrir börn á aldrinum 6–16 ára. Æfingarnar eru liður í verkefninu *Allir með*, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra).
- Lyftingadeildin.** Sigríður Ó. Kristjánsdóttir sagði frá starfsemi lyftingadeildarinnar.
- 10 ára afmæli Vestra.** Formaður minnti á að félagið verður 10 ára í janúar á næsta ári og hvatti fundarmenn til að koma með tillögur um hvernig fagna megi þessum tímamótum. Ýmsar hugmyndir komu fram en ekkert ákveðið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20.00.